



## Fundargerð

**404. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:30 fimmtudaginn 12. janúar 2017. Þetta er 1. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 7 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir Z-lista boðar forföll og í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá.

Viðbót við dagskrá:

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

7. 1701008 Afsal forkaupsréttar á hlut Bæjar hf. í Eldvilja ehf.

Dagskrárbreyting samþykkt.

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Fyrri hluti aðalmeðferðar dómsmáls veiðifélags Grenlækjar gegn Skaftárhreppi og íslenska ríkinu fór fram 6. janúar sl. Aðalmeðferðinni var frestað til 20. janúar nk. Sveitarstjóri og oddviti sóttu kynningu á kerfisáætlun Landsnets á Hellu þann 5. janúar sl. Undirbúningur hefur staðið yfir vegna umsóknar sveitarfélagsins í Ísland ljóstengt. Símafundur var haldinn í verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar þar sem farið var yfir komandi íbúafund sem haldinn verður í félagsheimilinu Kirkjuhvoli 16. janúar 2017. Á fundinum verður m.a. farið yfir drög að menntastefnu Skaftárhrepps ásamt því að kynnt verður þarfagreining á húsnæði Kirkjubæjarskóla. Boðað hefur verið til fundar á Hvolsvelli 18. janúar nk. til að ræða mögulegt samstarf um skipulags- og byggingarmál.

### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1603015 Parfangreining húsnæðis Kirkjubæjarskóla

Sveitarstjórn fagnar því að komnar séu fram tillögur með möguleikum á bættri nýtingu skólahúsnæðisins ásamt kostnaðargreiningu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að íbúar sveitarfélagsins fái tekkfæri til að koma með athugasemdir og ábendingar á tillögurnar. Tillögurnar verða kynntar á íbúafundi 16. janúar nk. og verða í framhaldinu aðgengilegar á vef sveitarfélagsins. Einnig verður gerð rafræn könnun á skoðun íbúa á tillögunum.

2. 1609009 Skipulags- og byggingarfulltrúi

Ein umsókn barst frá Jóni Garðari Jónssyni um starf skipulags- og byggingarfulltrúa sem auglýst var í nóvember sl. Umseckjandi uppfyllir ekki þau skilyrði að geta starfað sjálfstætt sem skipulags- og byggingarfulltrúi. Sveitarstjórn óskar því eftir að samstarfi sem verið hefur við Mýrdalshrepp verði haldið áfram en Jón Garðar verði ráðinn tímabundið til Skaftárhrepps til að sinna skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu.



3. 1701004 Umsókn um rekstrarleyfi vegna Jórvík 1. dags. 05.01.2017  
*Sveitarstjórн gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.*

4. 1701005 Beiðni um stuðning vegna fornleifarannsókna. Byggðasafnið Skógum dags. 03.01.2017

*Sveitarstjórн þakkar erindið og tekur jákvætt í það. Sveitarstjóra falið að fá frekari upplýsingar frá bréfritara og útsæra stuðning sveitarfélagsins í samráði við hann.*

5. 1606015 Ísland ljóstengt – umsókn í fjarskiptasjóð 2017.

*Sveitarstjórн samþykkir að sótt verði um í Ísland ljóstengt fyrir Skaftárhrepp 2017. Stofngjald fyrir heimili er áætlað 300 þús.kr. með vsk. en verður 500 þús.kr. með vsk. fyrir fyrirtæki. Sveitarstjóra falið í samvinnu við Guðmund Danielsson að senda inn umsókn fyrir Skaftárhrepp fyrir tilskilin frest.*

6. 1701007 Umsókn um tækifærисleyfi fyrir Þorrablotið á Kirkjubæjarklaustri. dags. 10.01.2017.

*Sveitarstjórн gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.*

7. 1701008 Afsal forkaupsréttar á hlut Bæjar hf. í Eldvilja ehf.

*Sveitarstjórн hyggst ekki nýta sér forkaupsrétt á hlut Bæjar hf. í Eldvilja ehf. Sveitarstjóra falið að tilkynna um ákvörðunina.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1701003 123. fundargerð skipulagsnefnar 10.01.2017

### 1. Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs - Aðalskipulagsbreyting

Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps vegna gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs var auglýst með athugsemdafrest frá 1.nóvember til 15.desember 2016. Athugasemd og umsagnir bárust.

**Umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem gerði ekki athugasemd**

**Umsögn barst frá Skipulagsstofnun sem gerði eftirfarandi athugasemd:**

- Lýsing á staðháttum og umhverisaðstæðum í kafla 3.2 í náttúrufara virðist frekar eiga við svæðið sunnan þjóðvegar en skipulagssvæðið. Lagfæra þarf umfjöllun um náttúrufar þannig að hún lýsi staðháttum og til að undirbyggja niðurstöðu umhverfismatsins.
- Gerð er athugasemd við málfar þar sem vísað er til lýsingar innan tillögu.
- Að öðru leiti er ekki gerð athugasemd við tillöguna fyrir auglysingu.

*Tekioð var tillit til ofangreindra athugasemda áður en tillagan var auglýst. Nefndin bendir þó á að lýsing á náttúrufari svæðisins sé í takt við raunveruleikan og því engin ástæða til að bregðast við þeirri athugasemd. Málfar var leiðrétt innan tillögu í samræmi við athugasemd. Nefndin vill þó gera athugasemd við málfar í bréfi Skipulagsstofnunnar þar sem vísað er til þess að byggja eigi hótel á svæðinu. Slikt kemur hvergi fram í gögnum sem fóru til yfirferðar skipulagsstofnunnar.*

**Umsögn barst frá Umhverfisstofnun þar sem gerðar voru athugasemdir við**

- **Staðhættir:** Umhverfisstofnun bendir á að greinargerð eru ekki upplýsingar um staðhætti á skipulagssvæðinu fyrir utan það að land hallar að Skaftá. Að mati Umhverfisstofnunnar ættu að koma fram upplýsingar um aðstæður s.s. gróðurfar og einnig hvort um er að ræða raskað eða óraskað svæði.

*Tekioð hefur verið tillit til viðkomandi athugasemda innan greinargerðar tillögu*



- **Umhverfisáhrif:**

Bent er á að ekki komi fram hvaða gróður, menningarminjar eða náttúruvá er verið að vísa til innan tillögu.

*Tekið hefur verið tillit til viðkomandi athugasemdar.*

Umsögn barst frá Vegagerðinni sem gerði ekki athugasemdir.

Umsögn barst frá Minjastofnun

- *Samhliða þjóðvegi, nokkru norðar en næst-nýjasti vegurinn, er gamall kerru/willys-vegur. EKKI er nákvæmlega vitað um aldur þess vegar en mjög líklega hefur hann verið ruddur fyrir rúnum 100 árum. Engin ástæða er til að eyðileggja gamla vegginn. Engar aðrar fornleifar fundurst innan skipulagsreitsins. Minjavörður gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagið.*

*Nefndin mælist til þess að tekið verði tillit til umsagnar minjastofnunnar eins og mögulegt er vegna framkvæmda innan svæðisins.*

Umsögn og athugasemdir bárust frá Sigríði og Kristi eigendum Nýjabæjar.

- **Að Nýibær hafi áfram sjónræna tengingu til Síðufjalla og annarra nærliggjandi svæða.**
- **Að bílastæði gestastofu verði ekki sýnilegt frá Nýjabæ frekar en frá Kirkjubækjarklaustri.**
- **Að gætt verði að ljósmengun og svæðinu. Að ljósgeisli lýsi niður á við og lýsi upp það sem því er ætlað, þannig getur takmörkuð stefna ljósgeisla stuðlað að betri sýn norðurljósa.**

*Nefndin mælist til þess að leitast verði við að taka tillit til athugasemda ábúenda á Nýjabæ innan deiliskipulags og innan hönnunargagna fyrir húsið sjálft. Innan skipulagsskilmála deiliskipulags er ekki tekið sérstaklega á staðsetningu hússins, bílastæða eða ljósmengunar. Mælst er til þess að þegar hús og bílastæði verði staðsett innan hönnunargagna og/eða deiliskipulags og leitast verði við að lágmarka sjónræn áhrif á svæðinu.*

*Nefndin mælist til þess að skipulagstillagan verði send skipulagsstofnun til yfirferðar eftir auglýsingu í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Skipulags og byggingarfulltrúa fallið að ljúka málínu.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 2. Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs - Deiliskipulag

Deiliskipulag vegna gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs var auglýst með athugsemdafrest frá 1.nóvember til 15.desember 2016. Athugasemd og umsagnir bárust.

*Nefndin lýtur svo á að athugasemdir sem bárust frá Minjastofnun og Nýjabæ eigi jafnframt við deiliskipulag svæðisins. Umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna deiliskipulagstillögu og voru ekki gerðar athugasemdir. Engin umsögn hefur borist frá Umhverfisstofnun vegna deiliskipulagstillögu. Nefndin mælist því til þess að deiliskipulag verði sent skipulagsstofnun til yfirferðar samhliða breytingu aðalskipulags.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



### 3. Kálfafell - Deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag vegna uppbyggingar á ferðaþjónustu að Kálfafelli 1. Umsækjandi er Byggðarból ehf. Deiliskipulagið tekur til ferðaþjónustuhúsa, aðkomuvegar af núverandi veki og bílastæða.

*Viðkomandi deiliskipulag er samþykkt með fyrirvara um samþykkt skipulagstofnunnar á breytingu aðalskipulags fyrir Efri-Vík þar sem heimildir fyrir atvinnurekstri samhliða búrekstri eru auknar án þess að skilgreina þurfi sérstaklega verslunar og þjónustusvæði innan jarðarinnar. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að auglýsa tillöguna þegar hún telst í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

### 4. Kálfafell - Deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag vegna uppbyggingar á ferðaþjónustu að Kálfafelli. Umsækjandi er Rúnar Þór Snorrason. Heildar stærð deiliskipulagssvæðisins er 8800 m<sup>2</sup>. Deiliskipulagið tekur til ferðaþjónustuhúsa, afleggjara af núverandi veki og bílastæða.

*Viðkomandi deiliskipulag er samþykkt með fyrirvara um samþykkt skipulagstofnunnar á breytingu aðalskipulags fyrir Efri-Vík þar sem heimildir fyrir atvinnurekstri og uppbyggingu hans samhliða búrekstri eru auknar án þess að skilgreina þurfi sérstaklega verslunar og þjónustusvæði innan jarðarinnar. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að auglýsa tillöguna þegar hún telst í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

### 5. Tunga – Aðalskipulagsbreyting

Tillaga aðalskipulagsbreytingar var send skipulagsstofnun til yfirferðar þann 30.11.2016.

Lögð er fram umsögn skipulagsstofnunnar dagsett 28.desember 2016. Innan umsagnar eru gerðar ýmsar athugasemdir við skipulagstillögu en janfram er ekki gerð athugasemd við auglýsingu hennar eftir að tekið hafi verið tillit til viðkomandi athugasemda.

**Nefndin mælist til þess að tillagan verði auglýst í samræmi við 32.gr. skipulagslag nr.123/2010 þegar brugðist hefur verið við athugasemdum skipulagsstofnunnar. Skipulagsfulltrúa og höfundí skipulags falið að ljúka málinu.**

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

### 6. Tunga – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram deiliskipulagstillaga fyrir Tungu í Skaftárhreppi sem byggir á aðalskipulagsbreytingu í lið 5. Í tillögunni felst heimild fyrir byggingu 75 herbergja hótels ásamt aðstöðu fyrir móttöku og aðra þjónustu, svo sem veitingasal, morgunverðarsal, eldhús, tæknirými o.fl. Einnig er áformað að byggja 25 gistihús og sögusafn. Lögð er áhersla á að núverandi fiskeldi tengist ferðaþjónustunni sem sýningarsvæði.

**Samþykkt. Nefndin mælist til þess að tillagan verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytinug þegar athugasemdum skipulagsstofnunnar hefur verið svarað.**

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

### 7. Botnar – Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram breytingartillaga vegna Botna eftir athugasemd skipulagsstofnunnar.



Brugðist hefur verið við athugasemdum skipulagsstofnunnar innan skipulagsins. Nefndin mælsti til þess að skipulagið taki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 8. Hemra - deiliskipulag

Elís Benedikt Eiríksson fh. Harðar Sigurðsson og Önnu Pálínu Jónsdóttir leggur fram deiliskipulag vegna lóð Hemra F 209887.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við skipulagið og mælist til þess að það verði auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 9. Hótel Núpar – Breyting á deiliskipulagi.

*Bjarki Guðnason lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi.*

Lögð er fram tillaga að óveruleg breyting á deiliskipulagi fyrir hótel Núpa. Í tillögunni felst að minniháttar breyting sem felur í sér að heilmilt er aukið byggingarmagn innan lóðar. Auk þess er um að ræða lítilsháttar tilfærsla á byggingarreit í samræmi við beiðni sem samþykkt var á 118.fundi nefndarinnar þar sem veitt var byggingarleyfi vegna starfsmannahúss auk þess sem farið var fram á uppfært deiliskipulag. Er því óskað eftir málsmeðferð í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

*Samþykkt. Nefndin mælist til þess að að skipulagstillagan verði afgreidd í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga. Uppdrættir vegna viðbygginga verði sendir byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra til yfirferðar hið fyrsta.*

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Bjarki kemur aftur til fundarins.

## 10. Brú á Eldvatn hjá Ásum – beiðni um umsögn

Skipulagsstofnun hefur sent sveitarfélaginu tilkynningarskýrslu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við brú yfir Eldvatn við Skaftártunguveg. Skýrsla lögð fram til kynningar og umsagnar nefndarinnar.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við tilkynningarskýrslu vegagerðarinnar og telur að hún geri ágæta grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Nefndin telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem eingöngu er farið um 240 metra kafla af hrauni sem er nú þegar raskað að hluta. Fyrir liggur tillaga að mótvægisáðgerðum frá Minjastofnun og mælist nefndin til þess að farið verði að þeim tillögum. Nefndin telur að framkvæmdin sé háð útgáfu framkvæmdaleyfis að hálfu sveitarfélagsins í samræmi við 5.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

*Fram kemur í skýrslunni að vegagerðin telji þörf á breytingu aðalskipulags vegna breyttrar veglinu og legu brúar. Að mati nefndarinnar telst sú breyting vera óveruleg og mælist til þess að hún verði afgreidd í samræmi við 2.mgr.36.gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

*Skipulags og byggingarfulltrúa falið í samráði við vegagerðina og hönnuð gildandi*



*aðalskipulagsuppdráttar sveitarfélagsins að senda tilkynningu um óverulega breytingu á aðalskipulagi til Skipulagsstofnunar.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda inn umsögn í samræmi við afgreiðsluna til Skipulagsstofnunar fyrir tilskilin frest.*

2. 1701001 148. fundargerð fræðslunefndar 09.01.2017

## **Heilsuleikskólinn Kæribær**

### **2. Starfsáætlun**

Fyrir fundinum liggur starfsáætlun fyrir 2016-2017. Guðrún leikskólastjóri fer yfir áætlunina með nefndarmönnum. Fræðslunefnd samþykkir starfsáætlunina fyrir sitt leyti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

3. 1605028 67. fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar 14.12.2016. *Fundargerð samþykkt.*

### **III. Fundargerðir til kynningar.**

1. 1604031 39. fundargerð félagsmálanefndar 14.12.2016. *Fundargerð kynnt.*

2. 1604030 Fundargerð 515. fundar stjórnar SASS 16.12.2016. *Fundargerð kynnt.*

3. 1604026 845. fundargerð stjórnar Sambands ísl. svf. 16.12.2016. *Fundargerð kynnt.*

4. 1603021 Fundargerð 21. fundar stjórnar Bergrisans 12.10.2016. *Fundargerð kynnt.*

5. 1603021 Fundargerð 22. fundar stjórnar Bergrisans 21.10.2016. *Fundargerð kynnt.*

6. 1603021 Fundargerð 23. fundar stjórnar Bergrisans 19.12.2016. *Fundargerð kynnt.*

### **IV. Annað kynningarefni.**

1. 1604032 Framvinduskýrsla verknámsaðstöðu FSU. 30.11.2016. *Kynnt.*

2. 1611020 Skýrsla starfshóps um skráningu upplýsinga um nemendur grunnskóla í rafræn upplýsingakerfi, nóvember 2016. *Kynnt.*

3. 1610011 Afrit af erindi Vegagerðar til Ríkiseigna vegna Hnausavegar. dags. 22.12.2016. *Kynnt.*

4. 1606025 Erindi fulltrúaráðs Sólheima vegna samnings um þjónustu Sólheima ses. dags. 13.12.2016. *Kynnt.*

5. 1612020 Erindi frá Þroskahjálp vegna húsnæðisáætlana. dags. 07.12.2016. *Kynnt.*

6. 1603044 Skýrsla um Fjaðrágljúfur 2016. *Kynnt.*

7. 1701006 Niðurstöður könnunar um húsnæðismál á Suðurlandi. Nóvember 2016. *Kynnt.*


8. 1611020 Umsögn sambands ísl. svf. um frv. til laga um br. á lögum um LSR. dags. 14.12.2016. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður 9. febrúar 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 14:54

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Jóhannes Gissurarson



Skaftárhreppur

Sverrir Gíslason  
Sverrir Gíslason

Bjarki Guðnason  
Bjarki Guðnason

Jóna Björk Jónsdóttir  
Jóna Björk Jónsdóttir

